

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um, að innkallaðir skuli allir bláir 10 króna sedlar, er þjóðbankinn hefur gefið út og ganga manna á meðal, undirskr. af konungi 10. nóv. 1894 (A. nr. 25, bls. 136—137).

Konungleg auglýsing um, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskr. af konungi 13. nóv. 1894 (A. nr. 26, bls. 138—139).

Konungleg auglýsing um, að konungur sje kominn heim aptur, undirskr. af konungi 6. desbr. 1894 (A. nr. 27, bls. 140—141).

Hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkurborg, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 12. jan. 1895 (A. nr. 1, bls. 2—5).

Auglýsing, er fellir úr gildi ýmsar auglýsingar frá stjórnarráði Íslands um ráðstafanir gegn því, að hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, m. fl., undirskr. af ráðgjafanum fyrir Ísland 12. jan. 1895 (A. nr. 2, bls. 6—7).

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til húsabóta á prestsetrinu. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 29. f. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að presturinn að Mælifelli í Skagafjarðarprófastsdæmi, sjera Jón Ó. Magnússon, taki 1500 kr. embættislán, sem þó ekki getur fengið úr landssjóði, handa nefndu prestakalli, til þess að bæta staðarhúsin á prestssetrinu á þann hátt, sem segir í tjeðu brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu. Þó er samþykki mitt til lántöku þessarar bundið þeim skilyrðum, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á eigi skemmri tíma en 28 árum næstu, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að hin nýja húsgjörð sje vel og forsvaranlega af hendi leyst, að hin nýju hús verði eigu staðarius, að presturinn haldi þeim í váttryggingu fyrir að minnsta kosti 1500 kr. undir eptirliti prófasts, og að presturinn eða dánarbú hans skili þeim við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eður með fullu alagi. 8
25. jan.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um breyting á fyrirkomulagi verzlunarskýrslna og innköllun á eldri eyðublöðum. — Til þess að bæta úr ýmsum misfellum, sem þótt hafa vera á því fyrirkomulagi, sem hingað til hefur verið á undirbúningi til verzlunarskýrslna, er í áformi að gjöra þá breytingu, að heimta ekki eptirleidis skýrslur yfir það, sem flutzt hefur inn og út með hverju skipi fyrir sig, heldur eina skýrslu fyrir árið af hverjum þeim, sem fengið hefur vörur frá útlöndum eða sent vörur út til sölu. Með þessu fyrirkomulagi er búizt við, að bæði verði skýrslurnar áreiðanlegri heldur en með hinu gamla fyrirkomulagi, þar sem heilir farmar auðveldlega geta fallið burt, og auk þess verður með þessu auðið, að koma skýrslunum miklu fyr fyrir almenningssjónir. Með því að til er ætlað, að hið nýja fyrirkomulag komist 9
29. jan.

5. dag marzmán. 1895.